

Ár 2008, fimmtudaginn 4. desember, var í Áfrýjunardómstóli ÍSÍ uppkveðinn dómur í málinu nr. 8/2008:

Knattspyrnudeild ÍH
gegn
Knattspyrnudeild Tindastóls

Málið dæma Jón G. Zoëga, Gestur Jónsson og Helgi I. Jónsson.

Áfrýjað er dómi Áfrýjunardómstóls KSÍ uppkveðnum 10. nóvember 2008.

Mál þetta hefur hlotið fullnaðarmeðferð af hálfu Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og Áfrýjunardómstóls KSÍ. Samkvæmt gr. 32.2 laga ÍSÍ verður málum dómstóla sérsambanda ÍSÍ ekki skotið til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ nema þau hafi almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Áfrýjunardómstóll KSÍ hefur komist að efnislegri niðurstöðu. Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu áfrýjanda að mál þetta hafi almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Ber því að vísa málinu frá Áfrýjunardómstóli ÍSÍ.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Áfrýjunardómstóli ÍSÍ.

Málskostnaður dæmist ekki.

Jón G. Zoëga
Gestur Jónsson
Helgi I. Jónsson